



**Akureyrarbær**  
Íþróttá- og tómsundadeild

Kappakstursklúbbur Akureyrar - KKA  
Þorsteinn Hjaltason

Akureyri, 21. janúar 2004

**Efni: Kappakstursklúbbur Akureyrar - akstursíþróttasvæði**

"2003080025 / 06-912

Erindi dags. 12. ágúst 2003 frá Þorsteini Hjaltasyni þar sem sótt er um framtíðarsvæði fyrir félagsmenn KKA.

*Íþróttá- og tómsundaráð þakkar forsvarsmönnum KKA fyrir góðan fund og mun ráðið boða til fundar með akstursíþróttamönnum á Akureyri þegar nánari undirbúningur að akstursíþróttasvæði liggur fyrir."*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Kristinn H. Svanbergsson



**Akureyrarbær**  
Íþrótt- og tómsundadeild

Kappakstursklúbbur Akureyrar - KKA  
Þorsteinn Hjaltason  
Vættargili 24  
603 Akureyri

Akureyri, 29. apríl 2004

**Efni: Kappakstursklúbbur Akureyrar - akstursíþróttasvæði**

"2003080025 / 06-912

*Á fundi Íþrótt- og tómsundaráðs 27. apríl 2004 var samþykkt eftirfarandi bókun:*

Tekin fyrir umsókn KKA um akstursíþróttasvæði í landi Glerár.  
*Íþrótt- og tómsundaráð leggur til að KKA akstursíþróttafélagi verði úthlutað landsvæði undir starfsemi sína á Glerárdal innan svæðis sem merkt er svæði 1 á meðfylgjandi loftmynd og vísar erindinu til umhverfisráð til nánari útfærslu.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
  
Kristinn H. Svanbergsson



AKUREYRARBÆR  
TÆKNI- OG UMHVÉRFISSVIÐ

Akstursíþróttaf. KKA  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 12.5.2004

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu umhverfisráðs þann 12. maí 2004 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur.**  
SN040019


**Lóðarumsókn - deiliskipulag.**

Erindi dagsett 05.05.2004 þar sem Þorsteinn Hjaltason formaður KKA f.h. Akstursíþróttafélags vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri, sækir um úthlutun lands fyrir mótorkrossbraut og æfingarsvæði við Glerá. Nánari upplýsingar eru í meðfylgjandi bréfi.

Sjá einnig mál nr. BN040226. Íþróttá- og tómsundaráð bókaði á fundi sínum 27. apríl sl. tilmæli til umhverfisráðs um að KKA akstursíþróttafélagi verði úthlutað umræddu svæði fyrir starfsemi sína skv. nánari útfærslu umhverfisráðs.

*Umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu en felur umhverfisdeild að láta deiliskipuleggja svæði milli Glerár og Hlíðarfjallsveggar, sem skilgreint er sem íþróttasvæði á aðalskipulagi, auk aðliggjandi svæða sem tengjast skot- og akstursíþróttum.*

Viðfangarfullst

  
Bjarni Reykjalin  
skipulags- og byggingarfulltrúi



*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



AKUREYRARBÆR  
TÆKNI- OG UMHVERFISVIÐ

KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 11.8.2004

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu umhverfisráðs þann 11. ágúst 2004 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur.**  
SN040019

**Lóðarumsókn - deiliskipulag.**

Tekið fyrir að nýju erindi dagsett 05.05.2004 þar sem Þorsteinn Hjaltason formaður KKA f.h. Akstursíþróttafélags vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri, sækir um úthlutun lands fyrir mótorkrossbraut og æfingarsvæði við Glerá skv nánari upplýsingar eru í bréfi með umsókn.

Sjá einnig mál nr. BN040226. Íþróttá- og tómstundaráð bókaði á fundi sínum 27. apríl sl. tilmæli til umhverfisráðs um að KKA akstursíþróttafélagi verði úthlutað umræddu svæði fyrir starfsemi sína skv. nánari útfærslu umhverfisráðs.

Skipulags- og byggingafulltrúi lagði fram drög að afnotasamningi á landssvæði milli KKA og Akureyrarbæjar.

*Umhverfisráð getur ekki orðið við lóðarumsókn félagsins þar sem skipulag svæðisins liggur ekki fyrir en gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi samningsdrög um afnotarétt á landsvæði í Glerárdal.*



Virðingarfyllst

Bjarni Reykjalin  
skipulags- og byggingarfulltrúi

Afrit: Akureyrarbær, Geislagötu 9, 600 Akureyri



**AKUREYRARBÆR**  
TÆKNI- OG UMhverfissvið

KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 7.7.2005


**Glerárdalur. Flutningur húss.**  
BN050403

Erindi dagsett 27.06.2005 þar sem Þorsteinn Hjaltason f.h. KKA Akstursíþróttafélags vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri, kt. 420296-2319, sækir um leyfi til að flytja gamla leikvallahúsið frá Borgarhlíðarvellingum upp á svæði KKA á Glerárdal til geymslu. Meðfylgjandi er afstöðumynd.

**Þar sem í gangi er vinna við deiliskipulag af svæðinu samþykkir skipulags- og byggingafulltrúi að húsið fái að standa á umbeðnum stað til 1. júlí 2007.**

*Afgreiðsla þessi byggir á "Samþykkt um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans á Akureyri á byggingaleyfisumsóknum" staðfestu af bæjarstjórn 06. apríl 2004.*

Virðingarfyllst

  
Leifur Kristján Þorsteinsson  
f.h. skipulags- og byggingafulltrúa





**Akureyrarbær**  
ÖLL LÍFSINS GÆDI

KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 AKUREYRI

Akureyri, 25. janúar 2006

**Efni: KKA Akstursíþróttafélag - rekstrarsamningur**

"2006010101/06-812

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi íþróttá- og tómstundadeildar 24. janúar sl.

Erindi ódags. frá Þorsteini Hjaltasyni, þar sem hann óskar eftir því að uppkast að rekstrarsamningi við félagið verði endurskoðaður þar sem forsendur KKA Akstursíþróttafélagsins hafi breyst frá því uppkastið var unnið.

*Deildarstjóra falið að ræða við fulltrúa félagsins um lagfæringu á samningsdrögumum. "*

Þetta tilkynnist hér með.

f. h. íþróttá- og tómstundaráð Akureyrarbæjar,

Heiða Björk Sigurðardóttir  
skjalavörður



KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 29.5.2008

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 28. maí 2008 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur.**  
SN080058

**Enduro- og hjólabraut.**

Erindi dags. 26.05.2008 frá Þorsteini Hjaltasyni þar sem hann f.h. KKA Akstursíþróttafélags, kt. 420296-2319, sækir um leyfi til notkunar á svæði sem afmarkast af vegi að skotsvæði og Hlíðarfjallsvegi fyrir æfingar og keppnir fyrir enduroakstur og fjallareiðhjól. Umbeðið svæði er ofan þess svæðis sem nú er í deiliskipulagsferli.

*Þar sem deiliskipulagi núverandi svæðis er ekki lokið og umrætt svæði utan deiliskipulagssvæðis akstursíþróttafélaganna og auk þess ekki á aðalskipulagi, hafnar skipulagsnefnd erindinu.*

Virðingarfyllst

Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 12.11.2008

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. nóvember 2008 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur.**  
SN080058

**Enduro- og hjólabraut.**

Erindi dags. 11.11.2008 frá Þorsteini Hjaltasyni þar sem hann f.h. KKA Akstursíþróttafélags, kt. 420296-2319, sækir um leyfi til notkunar á svæði sem afmarkast af vegi að skotsvæði SA og Hlíðarfjallsvegi fyrir æfingar og keppnir 2009 fyrir enduroakstur og fjallareiðhjól. Umbeðið svæði er ofan þess svæðis KKA sem nú er nýlokið í deiliskipulagsferli (sjá meðfylgjandi tillöguupprátt KKA af afmörkun svæðisins).


*Meirihluti skipulagsnefndar veitir hér með leyfi fyrir notkun á svæði sem afmarkast af núverandi vegi að skotsvæði SA og Hlíðarfjallsvegi fyrir æfingar og keppnir 2009 fyrir enduroakstur og fjallareiðhjól. (Sjá lið nr. 12 í fundargerð).*

*Leyfið er veitt í samræmi við 16. og 17. gr. reglugerðar nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni.*

*Nánari afmörkun svæðisins skal unnin í samráði við skipulagsdeild og hagsmunaaðila á svæðinu.*

*Jóhannes Árnason óskaði bókað að hann væri á móti afgreiðslunni.*

Virðingarfyllst

  
Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri







**Akureyrarþing**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 12.11.2008

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. nóvember 2008 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur.**  
SN080113

**Breyting á deiliskipulagi - svæði fyrir akstursíþróttir**

Erindi dags. 11.11.2008 frá Þorsteini Hjaltasyni þar sem hann f.h. KKA Akstursíþróttafélags, kt. 420296-2319, óskar eftir að breyting verði gerð á deiliskipulagi - svæði fyrir akstursíþróttir og skotfélag, þ.e. að svæðið (lóð KKA) verði stækkað til vesturs til að koma fyrir enduro- og reiðhjólbrautum.

*Meirihluti skipulagsnefndar felur skipulagsstjóra að gera tillögu að breytingu á deiliskipulaginu í samráði við hagsmunaaðila á svæðinu, ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.*

*Jóhannes Árnason óskaði bókað að hann væri á móti afgreiðslunni.*

Virðingarfyllst

Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri





KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 29.1.2009

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 28. janúar 2009 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur - KKA.**  
BN080328

**Lóðarumsókn - akstursíþróttasvæði.**

Erindi dagsett 18.08.2008 þar sem Þorsteinn Hjaltason, f.h. KKA Akstursíþróttafélagsins, kt. 420296-2319, sækir um lóð á svæði á Glerárdal sem skilgreint er sem svæði KKA í Deiliskipulagi -Akstursíþrótt- og skotsvæðis á Glerárdal, dagsettu 25.02.2008.

*Skipulagsnefnd samþykkir erindið. Skipulags- og byggingarskilmálar ásamt almennum byggingarskilmálum gilda.*

*Jóhannes Árnason sat hjá við afgreiðslu málsins.*

Almennir byggingaskilmálar gilda.

Öndurkræft staðfestingargjald, vegna lóðarveitingar, að upphæð kr. 96.410.- greiðist skv. meðfylgjandi greiðsluseðli innan 15 daga frá dagsetningu þessa bréfs.


Gatnagerðargjald skv. gjaldskrá, fyrir leyft byggingarmagn 900 fm, skv. gjaldflokki 06 að upphæð kr. 10.309.500,- greiðist skv. meðfylgjandi greiðsluseðli innan 31 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Framkvæmdafrestur er 9 mánuðir frá því að lóð telst byggingarhæf. Aðalteikningar skulu berast skipulags- og byggingarfulltrúa í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok framkvæmdafrests. Með framkvæmdafresti er átt við að fyrir lok hans verði búið að steypa fyrstu steypu undirstöðu húss. Lóðarleigusamningur verður ekki gerður nema lokið sé við að steypa sökkla viðkomandi húss.

Skipulagsnefnd getur framlengt fresti þá, sem að ofan greinir ef það telur góðar og gildar ástæður til þess. Óski lóðarhafi eftir slíkri framlengingu skal hann senda skriflega, rökstudda umsókn þar um til nefndarinnar eigi síðar en einum mánuði áður en viðkomandi frestur rennur út. Verði frestir þessir ekki virtir fellur lóðin aftur til bæjarins án frekari tilkynningar.

Vanda skal til allrar hönnunar og þess gætt að fyrirhuguð bygging falli vel að landi.

Vörðingarfyllst



Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar.

Yakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Heimilt er að kæra ákvörðun til Urskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar.  
Kæru skal beina til Urskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 9 - 600 Akureyri, Sími 480 1000, Fax 480 1001, 101 Reykjavík.



**Akureyrarbær**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

KKA Akstursíþróttafélag  
b/t Þorsteins Hjaltasonar  
Vættagili 24  
603 AKUREYRI

Akureyri, 5. mars 2009  
2009030011 / 10-011

**Efni: KKA Akstursíþróttafélag - gatnagerðargjöld**

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 5. mars 2009 gert eftirfarandi bókun:

**"KKA Akstursíþróttafélag - gatnagerðargjöld.**

2009030011 / 10-011

Erindi dags. 3. mars 2009 frá formanni KKA Akstursíþróttafélags þar sem óskað er eftir niðurfellingu gatnagerðargjalda.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá samningum við forsvarsmenn KKA Akstursíþróttafélags vegna úthlutunar lóðar á Glerárdal þar sem m.a. verði gert ráð fyrir því að landið gangi aftur bótalaust til bæjarins verði starfsemi félagsins hætt og að allt framsal eða sala á landinu sé óheimil. Kvöð þessa efnis verði þinglýst á lóðina. Á félagið hefur verið lagt gatnagerðargjald vegna lóðarinnar í samræmi við gjaldskrá bæjarins. Með vísan í 5. gr. tölulið 5.3 í gjaldskránni, um sérstaka lækkunar- og niðurfellingarheimild, heimilar bæjarráð niðurfellingu gjaldsins þegar gengið hefur verið frá samningum við félagið. Álagning gatnagerðargjalds vegna uppbyggingar á svæðinu fer fram þegar einstakir byggingaáfangar verða byggðir."*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
f.h. Akureyrarbæjar

*Sólveig Gunnarsdóttir*  
Sólveig Gunnarsdóttir





KKA Akstursípróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 1.10.2009

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 30. september 2009 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur.**  
SN080058

**Enduro- og hjólabraut.**


Borist hafa upplýsingar um utanvegaakstur á merktri braut ofan viðbótarsvæðis KKA í Hlíðarfjalli og náðst hafa myndir af bifhjólamönnum langt utan svæðis KKA. Full ástæða er til að stöðva þennan utanvegaakstur.

*Skipulagsnefnd hefur kynnt sér gögn þau er fylgja til upplýsinga undir liðnum. Ljóst er að verulegt tjón hefur verið unnið á grónu landi utan svæðis sem skipulagsnefnd úthlutaði til bráðabirgða.*

*Skipulagsnefnd óskar eftir að gerð verði skoðun á umræddum skemmdum og tjónið metið. Nefndin hvarmar að bráðabirgðaúthlutun hennar hafi orðið til þess að umrætt tjón varð á grónu, ósnortnu landi utan svæðis sem heimilað hafði verið til notkunar fyrir enduro- og hjólabraut og væntir þess að þeir sem hlut eigi að máli tryggi að slíkt endurtaki sig ekki.*

*Skipulagsnefnd fer fram á við KKA að þeir girði af suðurmörk þess svæðis sem skipulagsnefnd úthlutaði til bráðabirgða.*

Virðingarfyllst

  
Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



Afrit: Verkefnastjóri umhverfismála Akureyrarbæjar

*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



KKA Akstursípróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 25.11.2009

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 25. nóvember 2009 á eftirfarandi erindi:


**Glerárdalur - endurosvæði.**  
BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Erindi dagsett 18.11.2009 þar sem Þórsteinn Hjaltason f.h. KKA, kt. 420296-2319, óskar eftir að félaginu verði úthlutað svæði sem nær suður að gamla Hlíðarfjallsveginum og upp að Hlíðarfjallsvegi, til að skipuleggja svæði fyrir enduroakstur. Meðfylgjandi er loftmynd, kynningarefni á starfi félagsins og minnispunktar til skýringar á enduroakstri.

*Skipulagsnefnd frestar erindinu og felur skipulagsstjóra að útbúa frekari gögn til upplýsingar um málið og afla viðbótarupplýsinga frá KKA.*

Virðingarfyllst

  
Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 10.12.2009

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 9. desember 2009 á eftirfarandi erindi:


**Glerárdalur - endurosvæði.**  
BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Erindi dagsett 18.11.2009 þar sem Þorsteinn Hjaltason f.h. KKA, kt. 420296-2319, óskar eftir að félaginu verði úthlutað svæði sem nær suður að gamla Hlíðarfjallsveginum og upp að Hlíðarfjallsvegi, til að skipuleggja svæði fyrir enduroakstur. Meðfylgjandi er loftmynd, kynningarefni á starfi félagsins og minnispointar til skýringar á enduroakstri. Innkomin 08.12.2009 hugmynd að nýtingu svæðisins og brautum ásamt upplýsingum um stærð og umfang svæðisins.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsstjóra að leggja fram tillögu að stækkun svæðis KKA í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir á næsta fundi.*

Virðingarfyllst

  
Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



**Akureyrarbær**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 14.12.2009

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. desember 2009 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur - endurosvæði.**  
BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Skipulagsstjóri lagði fram tillögu að stækkun svæðis KKA til vesturs.

*Skipulagsnefnd óskar eftir umsögn umhverfisnefndar, íþróttaráðs (f.h. Hlíðarfjalls), Bílklúbbs Akureyrar og Skotfélags Akureyrar á erindinu á grundvelli framlagðra tillagna um stækkun svæðis KKA.*

*Óskað er eftir viðbrögðum um hvernig þessi starfssemi falli að útvistaráformum á Glerárdal og hagsmunum rekstraraðila/félaga á svæðinu.*

Virðingarfyllst

Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri





KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 28.1.2010

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 27. janúar 2010 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur - endurosvæði.**

BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Erindi dagsett 18.11.2009 þar sem Þorsteinn Hjaltason f.h. KKA, kt. 420296-2319, óskar eftir að félaginu verði úthlutað svæði sem nær suður að gamla Hlíðarfjallsveginum og upp að Hlíðarfjallsvegi, til að skipuleggja svæði fyrir enduroakstur.

Skipulagsstjóri lagði einnig fram tillögu að stækkun svæðis KKA til vesturs og óskað var eftir umsögnum.

Umsagnir bárust frá:

1) Skotfélagi Akureyrar dags. 22.12.2009.

Athugasemdin er í tveimur hlutum, kort fylgir.

a) Gerð er athugasemd vegna fyrirhugaðrar brautar í nágrenni Glerár þar sem það myndi hafa verulegar truflanir á riffilbraut í för með sér. Í starfsleyfi er tekið fram að menn myndu hætta æfingum á riffilvelli ef einhver væri á ferð á Gamla Hlíðarfjallsveginum (skýringarmynd fylgir).

b) Fyrirhugaðar brautir liggja yfir svæði sem ætlað er fyrir vegalögn niður á skotsvæðið en það er mikilvægt að fá þennan veg. Ef vélhjólbraut verður gerð þarna þá þarf að finna lausn á aðkomu að skotsvæðinu.

2) Íþróttaráði dags. 17.12.2009.

Íþróttaráð telur nauðsynlegt að svæði félagsins verði stækkað og gerir engar athugasemdir við tillögu skipulagsnefndar. Það telur þó einnig vert að skoða framtíðaróskir KKA um stærra svæði.

3) Landsneti dags. 07.01.2010.

Landsnet telur að tillaga skipulagsnefndar á afmörkun svæðisins snerti ekki hagsmuni línunnar, ef fjarlægð akstursbrauta frá möstrum verður næg eða girðing á milli.

Landsnet telur jákvætt að fyrirhugað aksturssvæði sé utan línustæðis en ekki sé útilokað að samhæfa það ef tilskilin ákvæði um fjarlægðir í möstur og línur verða uppfyllt og ekki verði áhorfendaaðstaða við línustæðið.

4) Umhverfisnefnd 21.01.2010.

Meirihluti umhverfisnefndar leggst ekki gegn því að úthlutað verði svæði til þessara nota samkvæmt tillögu skipulagsnefndar. Þó vill nefndin að svæðinu verði aðeins úthlutað til bráðabirgða í t.d. 5 ár og þá verði þessi ákvörðun tekin til endurskoðunar í ljósi reynslunnar. Nefndin leggur á það áherslu að gætt verði hófs í röskun lands og KKA verði gert að gæta fyllsta öryggis og að landi verði alls ekki raskað utan brauta. Til greina kemur að láta girða svæðið af við Hlíðarfjallsveg. Nefndin telur að ekki komi til greina að leggja meira land undir þessa starfsemi á þessu svæði.

5) Frá Bílaklúbbi Akureyrar dags. 26.01.2010.

BA telur að sú stækkun sem KKA fer fram á gangi of langt til norðurs og rými




framtíðar möguleika BA til lengingar á spyrnubraut sinni, samkvæmt tillögum þar um.

BA styður stækkun svæðis KKA til vesturs en með því skilyrði að sú stækkun sé í samræmi við fyrri tillögur að afmörkun einstakra svæða félaganna og þannig að framtíðar stækkunarmöguleikar BA séu ekki skertir.

6) Einnig barst bréf ódagsett frá Þorsteini Hjaltasyni f.h. KKA þar sem hann þakkar það sem gert hefur verið fyrir félagið en ítrekar jafnframt þörfina á því viðbótarsvæði sem félagið sótti um þ.e. suður að Gamla Hlíðarfjallsveginum.

*Frestað. Skipulagsstjóra er falið að afla nánari upplýsinga vegna innkominna athugasemda og upplýsinga frá lögreglu.*

Virðingarfyllst

  
Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



*Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar.  
Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.  
Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar.  
Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.*



KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 11.3.2010

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 10. mars 2010 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur - endurosvæði.**  
BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Erindi dagsett 18.11.2009 þar sem Þorsteinn Hjaltason f.h. KKA, kt. 420296-2319, óskar eftir að félaginu verði úthlutað svæði sem nær suður að gamla Hlíðarfjallsveginum og upp að Hlíðarfjallsvegi, til að skipuleggja svæði fyrir enduroakstur.

Skipulagsstjóra var falið að afla nánari upplýsinga vegna innkominna athugasemda og upplýsinga frá lögreglu.

*Skipulagsstjóri aflaði nánari upplýsinga frá formanni Skotfélagsins en í svarbréfi kemur m.a. fram "að félagið hefur áhyggjur af, að ef KKA verði veitt heimild til að setja upp braut á svæðinu ofan Skotsvæði, þá verði þeir sífellt á ferðinni innan skotsviðs og því ómögulegt að vera með æfingar á ríffilvellingum."*

*Skipulagsstjóri aflaði upplýsinga frá Daniel Guðjónssyni yfirlöggregluþjóni sem telur að fyrirhuguð braut sé innan mögulegs hættusviðs ríffilbrautarinnar og þ.a.l. ekki sé hægt að leyfa viðbótarstækkunina nema að undangenginni skoðun og mælingum á hættusviðinu.*

*Skipulagsnefnd mælir með lóðarstækkun í samræmi við meðfylgjandi afmörkun á uppdrætti fyrir æfingar og keppnir fyrir enduroakstur og fjallareiðhjól.*

**Niðurstaða:**

*Skipulagsnefnd felur skipulagsstjóra að gera tillögu að breytingu á deiliskipulaginu í samræmi við framlagðun uppdrátt, ásamt samsvarandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar sem gerð yrði í samráði við Skotfélagið og Lögreglu.*

Virðingarfyllt

Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



Óskar þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar.

Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Heimilt er að kæra ákvörðun til Urskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan eitts mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Urskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Skulagötu 21, 101 Reykjavík.



KKA Akstursíþróttafélag  
Vættagili 24  
603 Akureyri

Akureyri 7.4.2010

Undirritaður tilkynnir hér með um afgreiðslu skipulagsnefndar þann 6. apríl 2010 á eftirfarandi erindi:

**Glerárdalur - endurosvæði.**  
BN090233

**Umsókn um svæði fyrir enduroakstur.**

Erindi dags. 18.11.2009 þar sem Þorsteinn Hjaltason f.h. KKA, kt. 420296-2319, óskar eftir að félaginu verði úthlutað svæði sem nær suður að gamla Hlíðarfjallsveginum og upp að Hlíðarfjallsvegi, til að skipuleggja svæði fyrir enduroakstur.

Fyrir liggur ný umsögn frá umhverfisnefnd þar sem meirihluti nefndarinnar leggst gegn tillögu skipulagsnefndar um að KKA fái svæðinu úthlutað til bráðabirgða.

*Skipulagsstjóri sendi meðfylgjandi uppdrátt til umsagnar Skotfélagsins og til Lögreglu.*



*Umsögn barst frá Skotfélaginu dags. 19.03.2010 um að félagið samþykkir afmörkun um viðbótarsvæði 198276 fm (gul lína) samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Einnig barst umsögn frá Lögreglunni dags. 29.03.2010 sem ekki gerir athugasemdir við afmörkunina þar sem svæðið er utan hættusvæðis riffilbrautar Skotfélagsins.*

*Niðurstaða:*

*Skipulagsnefnd samþykkir að veita KKA viðbótarsvæði 198276 fm (gul lína) samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti til bráðabirgða í 5 ár enda setji KKA upp girðingu á mörkum öryggissvæðis Skotfélagsins áður en svæðið verður tekið í notkun. Að þeim tíma liðnum verði málið endurskodað m.a. m.t.t. umhverfisrasks á svæðinu.*

*Jóhannes Árnason sat hjá við afgreiðslu málsins.*

Vinóingarfyllst

Pétur Bolli Jóhannesson  
skipulagsstjóri



AKUREYRARBÆR  
Skipulagsdeild

Umhverfisnefnd  
Geislagötu 9  
600 AKUREYRI

Akureyri, 1. mars 2013  
2013010054 / 09-230

**Efni:** Akstursípróttá- og skotsvæði á Glerárdal, deiliskipulagsbreyting

Skipulagsnefnd hefur á fundi sínum þann 27. febrúar 2013 gert eftirfarandi bókun:

Með vísun í bókanir dagsettar 12. nóvember 2008 (SN080113) og 16. janúar 2013 (2013010055), leggur skipulagsstjóri fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi akstursípróttá- og skotsvæðis á Glerárdal. Um er að ræða stækkun á svæði KKA til vesturs sbr. bókun skipulagsnefndar frá 6. apríl 2010 (BN090233) og svæði fyrir miðlunartank Norðurorku auk annarra breytinga.

Tillagan er dagsett 27. febrúar 2013 og unnin af Teiknum á lofti ehf.

Innkomið bréf dagsett 21. febrúar 2013 frá BA um stækkun á svæði félagsins til vesturs að Hlíðarfjallsvegi vegna lengingar kvartmilubrautar.

Innkomið bréf dagsett 22. febrúar 2013 frá KKA vegna stækkunar á svæði félagsins til vesturs að gamla vatnsveituvegi vegna stækkunar endurobrautar.

*Erindum KKA og BA um lóðarstækkunir er vísað til umsagnar umhverfisnefndar.  
Afgreiðslu málsins er frestað að öðru leyti.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Pétur Bolli Jóhannesson  
Skipulagsstjóri



Afrit:  
Teikn á lofti ehf.,  
KKA Akstursípróttafélag,  
Bíla klúbbur Akureyrar.



AKUREYRARBÆR  
Skipulagsdeild

Kappakstursklúbbur Akureyrar - KKA  
Vættargili 24  
603 Akureyri

Akureyri, 2. júlí 2014  
2013010054 / 09-230

**Efni:** Akstursíþróttá- og skotsvæði á Glerárdal, deiliskipulagsbreyting

Skipulagsnefnd hefur á fundi sínum þann 25. júní 2014 gert eftirfarandi bókun:

Tekið fyrir að nýju eftir yfirferð Skipulagsstofnunar sem taldi sig ekki geta tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar fyrr en hávaði frá stækkuðu akstursíþróttasvæði hefði verið áætlaður. Sú áætlun liggur nú fyrir en Verkfræðistofan EFLA hefur unnið viðauka við fyrri hljóðskýrslu sem kallast Hávaðadreifing frá Endurobraut, dagsetta 25. júní 2014.

Í ljósi niðurstöðu hljóðskýrslunnar er varðar deiliskipulagsbreytingu á akstursíþróttá- og skotsvæði á Glerárdal vegna viðbótarsvæðis KKA, er gerð sú breyting að Endurobraut vestan nýs aðkomuvegar að svæðum Skotfélags og KKA er felld út, þar sem hún uppfyllir ekki kröfur um hljóðvist vegna frístundabyggðar í 2. áfanga Hálanda.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagsupprætti dagsettum 25. júní 2014, og í greinargerð frá samþykkt bæjarstjórnar 21. janúar 2014.

- 1) Færðar hafa verið inn á uppdrátt hljóðmanir ofan viðbótarsvæðis KKA á móts við 1. áf. Hálanda til þess að uppfylla kröfur um hljóðstig.
- 2) Skástrikað svæði á uppdrætti sem sýnt er vestan nýs aðkomuvegar að svæði SA og KKA hefur verið felld út og er nú skilgreint sem viðbótarsvæði KKA með þeim kvöðum að ekki megi nota það fyrir vélknúin farartæki.
- 3) Undirgögn undir nýjan aðkomuveg að svæði KKA og Skotsvæði hafa verið færð inn á uppdrátt.
- 4) Texta hefur verið breytt í greinargerð í samræmi við ofangreint, bæði í almennum skýringum og í umhverfisskýrslu.

*Skipulagsnefnd leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan þannig breytt verði samþykkt og skipulagsstjóra falið að annast gildistöku hennar.*

Virðingarfyllst,

Pétur Bolli Jóhannesson  
Skipulagsstjóri

